

Nr. 010 / 10 Krístrún RE 177***Skipverji slasast við fall niður í lest***

Skipaskr.nr. 2774
Smíðaður: Tomrefjord Noregi 1988 stál
Stærð: brl. 765 bt.
Mesta lengd: 47,7 m Skráð lengd: 41,49 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,75 m
Vél: Caterpillar 735 kW 1988
Fjöldi skipverja: 14



Krístrún©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. janúar 2010 var Krístrún RE 177 á siglingu úr Reykjavíkurhöfn. Veður: SA 8-13 m/sek.

Skipið var ný lagt af stað í veiðiferð og var stutt við Akureyjarrið þegar tveir skipverjar ætluðu niður niður í beitulest til að setja beitu á lyftu. Annar þeirra var kominn niður í lestina en hinn ætlaði að fara úr peysu og var seinna á ferðinni. Á leiðinni niður stigann féll hann aftur fyrir sig niður í lyftukassann og lenti með hnakkann á brún hans með þeim afleiðingum að hann hálsbrotnaði.

Lyftan var í neðstu stöðu og snéri skipverjinn sem var fyrir í lestinni baki í hana og varð ekki var við slysið. Hann varð ekki var við félagu sinn fyrir en hann lá í lyftunni með hnakkann á horni hennar.

Skipinu var þegar snúið aftur til hafnar en aðrir skipsverjar hlúðu að hinum slasaða og settu á hann hálskraga. Sjúkraflutningsmenn voru komnir á bryggjuna þegar skipið lagðist að og undirbjuggu þeir slasaða til flutnings.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði gat ekki gert sér grein fyrir hvað hafði komið fyrir og taldi sig hafa farið upp til að fara úr peysunni. Fram kom hjá honum að stiginn gæti verið varasamur vegna frosts og þrep hans sleip. Þá sagði hann að

langt væri niður á fyrsta þrep stigans frá opinu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um ástand stigans þegar slysið átti sér stað en skipstjórinn sagði líklegt að þrepin hafi verið sleip þar sem um frystilest var að ræða;

- að ekki er ljóst úr hvaða hæð skipverjinn féll en hæðin frá botni lyftunnar að opinu er 2,25 metrar. Mynd 1 er tekin niður í lestina frá inngangi af millipilfari og er lyftan í lægstu stöðu. Mynd 2 sýnir opið á millipilfari niður í lestina;




Mynd 1, sýnir ofan á lyftuna og fallhæð



Mynd 2 er tekin á millipilfari, örin sýnir opið niður í lest

- að mynd 3 er tekin neðan úr lestinni og sýnir hæðina upp í opið þ.e.a.s 2,25 metrar. Samkvæmt mælistikunni má sjá að um 50 sm eru frá neðri brún opsins og niður í fyrsta þrep og aðrir 50 sm niður á þrep 2;



- að mynd 4 sýnir lyftukassann sem er 50 sm djúpur;



- að skipverjinn var í öryggisskóm með stáltá en ekki með öryggishjál. Hann kvað það ekki tíðkast við þessi störf og taldi að hjálmur hefði ekki breytt neinu um afleiðingar slyssins þar sem hann hefði lent með hálsinn á brún lyftunnar;
- að ekki voru neinar sérstakar umgengnisreglur né varúðarmerkingar við niðurganginn þar sem ekki var talin þörf á því. Eftir slysið var farið yfir þessar aðstæður og ákveðið að ósk áhafnar setja handföng báðum megin við þrepin. Fram kom að ekki hafði verið kvartað yfir þessum aðstæðum fyrir slysið.

Nefndarálit:

Nefndin getur ekki á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga ályktað um orsök slyssins en bendir á að leiðin niður í beitulestina sé varhugaverð með tilliti til öryggi skipverja.